

Nd. **110. Frumvarp til laga** [94. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

4. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð getur ákveðið, að greiða skuli með börnum ekkils allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans. Sama gildir um börn ellilífeyrisþega, einstæðrar móður, sem er öryrki eða látin, svo og hjóna, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum tryggingalaganna, 16. gr., hefur tryggingaráð heimild til að ákveða, að greiddur sé barnalífeyrir með börnum einstæðra mæðra, ef móðirin er öryrki. Hins vegar er talið, að löggin leyfi ekki að greiða barnalífeyrinn áfram, ef móðirin fellur frá. Með engu móti getur verið, að þetta sé tilætlun löggjafans. Það hlýtur að vera smíðagalli, sem laga þarf. Dæmi: Einstæð móðir missir heilsuna og verður öryrki. Þá fær hún barnalífeyri samkv. heimildarákvæðum 16. gr. Síðan þarf hún að fara á sjúkrahús og andast þar eftir langa legu. Foreldrar konunnar hafa tekið börnin og annast þau án annarrar meðgjafar en þeirrar, sem tryggingarnar greiða, enda ekki í annað hús að vanda en til hreppsins. En þegar móðirin er dáin, kemur í ljós, að greiðslan frá tryggingunum lækkar að miklum mun. Tryggingaráð brestur heimild til að úrskurða á annan hátt og eðlilegri.

Breytingartillaga sú, sem hér er flutt, á að bæta úr þessum augljósa smíðagalla, ef samþykkt verður.